

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 2001

11. janúar 2001

15

Nr. 9

AUGLÝSING

um ógildingu deiliskipulags í Reykjavík.

Skógarhlíð 12, ógilding deiliskipulags lóðarinnar.

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, dags. 21. desember sl., um deiliskipulag lóðarinnar nr. 12 við Skógarhlíð, samþykktu í borgarráði Reykjavíkur þann 4. apríl 2000, tilkynnist að skipulagið, sem öðlaðist gildi með birtingu auglýsingar þar um þann 18. maí 2000, nr. 340, er úr gildi fallið.

Reykjavík, 11. janúar 2001.

Porvaldur S. Porvaldsson skipulagsstjóri Reykjavíkur.

9. janúar 2001

Nr. 10

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 686/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	14.01. - 15.03.01	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. janúar 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Gutenberg